

**Skíðasamband Íslands**  
**Skíðaþing 24.-25.maí 2019**



**Ólafsfjörður**

## Efnisyfirlit

1. Þingsetning .....	3
2. Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar .....	3
3. Ávörp gesta .....	4
4. Heiðursviðurkenningar SKÍ.....	4
5. Skýrsla stjórnar og nefnda .....	4
6. Reikningar SKÍ framlagðir .....	4
7. Álit kjörbréfanefndar.....	4
8. Reikningar bornir undir atkvæði .....	4
9. Fjárhagsáætlun lögð fram .....	4
10. Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda .....	4
11. Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar .....	5
12. Tillögur og ályktanir afgreiddar .....	6
13. Úthlutun móta og annarra verkefna.....	7
14. Kosningar .....	7
15. Önnur mál .....	8
16. Þingslit .....	8

## Föstudagur 24. maí 2019

### **1. Þingsetning**

Einar Þór Bjarnason, formaður SKÍ, setti þingið og bauð alla velkomna.

Þingsetning var föstudaginn 24. maí kl. 18:00 og áætluð þinglok eru laugardaginn 25. maí kl 16:00.

### **2. Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar**

Kosnir / tilnefndir voru sem embættismenn þingsins:

Þingforseti var tilnefndur Sigurpáll Þór Gunnarsson og Dagbjartur Halldórsson sem annar þingforseti.

Þingritari var tilnefndur Kristján Hauksson og Jón Viðar Þorvaldsson sem annar þingritari.

Tilnefningar samþykktar með lófaklappi.

Þingforseti, Sigurpáll Þór Gunnarsson, þakkaði fundarmönnum traustið og gekk beint til dagskrár.

Þingforseti staðfesti að löglega væri til þingsins boðað.

Kosið í starfsnefndir – kjörbréfanefnd og kjörnefnd.

Tilnefnd í kjörbréfanefnd voru þau Eðvald Garðarsson, Krístrún Lind Birgisdóttir og Sveinn Torfason.

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

Tilnefndir í kjörnefnd voru þeir Davíð Björnsson, Þóroddur Þóroddsson og Sigrún Inga Kristinsdóttir.

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

### 3. *Ávörp gesta*

Viðar Sigurjónsson, fulltrúi ÍSÍ, bar góðar kveðjur frá forseta, framkvæmdastjórn og starfsmönnum ÍSÍ. Þakkar gott samstarf, ræðir starfsemi ÍSÍ og fleiri mál.

### 4. *Heiðursviðurkenningar SKÍ*

Engar viðurkenningar voru veittar á þinginu.

### 5. *Skýrsla stjórnar og nefnda*

Formaður sambandsins, *Einar Þór Bjarnason*, fór yfir skýrslu stjórnar. Þingfulltrúar hafa skýrsluna hjá sér.

*Snorri Páll Guðbjörnsson*, formaður alpagreinaneftndar, fór yfir skýrslu alpagreinaneftndar.

*Einar Ólafsson* formaður skíðagöngunefndar, fór yfir skýrslu skíðagöngunefndar.

*Friðbjörn Benediktsson*, formaður snjóþrettaneftndar, fór yfir skýrslu snjóþrettaneftndar.

### 6. *Reikningar SKÍ framlagðir*

*Dagbjartur Halldórsson*, gjaldkeri, og *Jón Viðar Þorvaldsson*, framkvæmdastjóri, tala fyrir reikningum. Allir þingfulltrúar hafa reikningana fyrir framan sig til hliðsjónar. Fyrir þingið liggja tveir reikningar til samþykktar, 2017 og 2018.

### 7. *Álit kjörbréfanefndar*

Krístún Lind Birgisdóttir kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. Alls eru 29 fulltrúar með atkvæðisrétt á þinginu. Til að fá samþykki fyrir 2/3 hluta atkvæðagreiðslu (sem þarf fyrir lagabreytingar) þarf því 20 atkvæði og skiptist helmingur atkvæða við 15 atkvæði. Tveir fulltrúar eru ekki mættir í dag (föstudag) en mæta á morgun en það breytir ekki atkvæðafjölda til helminga eða 2/3 hluta í dag (föstudag).

### 8. *Reikningar bornir undir atkvæði*

Þingforseti bar reikninga sambandsins undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

### 9. *Fjárhagsáætlun lögð fram*

Fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2019-2020 var kynnt af *Dagbjarti Halldórssyni* gjaldkera SKÍ, en allir þingfulltrúar höfðu hana fyrir framan sig.

### 10. *Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda*

Þingskjal nr. 1 – Fjárhagsáætlun 2019-2020. Vísað í allar nefndir.

Þingskjal nr. 2 – Gjaldskrá SKÍ. Vísað í allar nefndir.

Þingskjal nr. 3 – Tillaga að breytingu á lögum SKÍ frá stjórn SKÍ. Vísað í allsherjarnefnd.

Þingskjal nr. 4 – Tillaga að breytingu á lögum SKÍ frá stjórn SKÍ. Þingskjalið kom of seint inná þingið og því borið upp við þingið hvort það geti verið tekið fyrir. Þarf 2/3 atkvæða og samþykkt samhljóða. Vísað í allsherjarnefnd.

Þingskjal nr. 5 – Tillaga að afreksstefnu SKÍ frá stjórn SKÍ. Vísað í fagnefndir.

Þingskjal nr. 6 – Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum frá alpagreinaneftnd SKÍ. Vísað í alpagreinaneftnd.

- Þingskjal nr. 7 – Tillaga um breytingu á reglugerð um Unglingameistaramót frá alpagreinanevnd SKÍ. Vísað í alpagreinanevnd.
- Þingskjal nr. 8 – Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni í skíðagöngu frá skíðagöngunevnd SKÍ. Vísað í skíðagöngunevnd.
- Þingskjal nr. 9 – Tillaga að breytingu á reglugerð um Unglingameistaramót frá skíðagöngunevnd SKÍ. Vísað til skíðagöngunevndar.
- Þingskjal nr. 10 – Tillaga að breytingu á reglugerð um Íslandsgöngur frá skíðagöngunevnd SKÍ. Vísað í skíðagöngunevnd.
- Þingskjal nr. 11 – Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni á snjóbrettum frá snjóbrettanevnd SKÍ. Vísað í snjóbrettanevnd.
- Þingskjal nr. 12 – Tillaga að málefnum til umræðu frá stjórn SKÍ. Vísað í allar nefndir.
- Þingskjal nr. 13 – Tillaga að breytingum reglugerð um bikarkeppni í alpagreinum frá skíðafélagi Dalvíkur. Vísað í alpagreinanevnd.
- Þingskjal nr. 14 – Tillaga að breytingum á Unglingameistaramóti frá skíðafélagi Dalvíkur. Vísað í alpagreinanevnd.
- Þingskjal nr. 15 – Tillaga að breytingu á reglugerð um keppnishald frá skíðafélagi Dalvíkur. Vísað í alpagreina- og snjóbrettanevnd.
- Þingskjal nr. 16 – Tillaga að breytingu á reglugerð um keppnishald frá skíðafélagi Dalvíkur. Vísað í alpagreinanevnd.
- Þingskjal nr. 17 – Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni í alpagreinum frá skíðafélagi Dalvíkur. Vísað í alpagreinanevnd.
- Þingskjal nr. 18 – Tillaga að ályktunarefni fundarins. Vísað til allra nefnda.

### ***11.Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar***

Á þinginu verða fjórar nefndir, alpagreinanevnd, skíðagöngunevnd, snjóbrettanevnd og allsherjanevnd.

Starf nefndanna hófst kl. 9:00 laugardaginn 25. maí. Þar ræddu nefndir þau þingskjöl sem vísað var til þeirra.

Kl.21:00 er þingfundi frestað til kl.13:00 þann 24.maí 2019, en fundir í nefndum hefjast kl.09:00.

## Laugardagur 25.maí 2019

### *12.Tillögur og ályktanir afgreiddar*

Þingskjal 1. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2. Breytingartillaga frá snjóbreitanefnd felld með 15 atkvæðum gegn 7. Breytingartillaga frá allsherjarnefnd samþykkt samhljóða. Breytingartillaga frá alpagreinanevnd samþykkt með 18 atkvæðum. Þingskjalið samþykkt samhljóða með breytingum.

Þingskjal 3. 6.grein samþykkt samhljóða. 8.grein 17.tl. fellur út útaf samþykkt á þingskjali 4. 10.grein samþykkt samhljóða. 8.grein breytist útaf samþykkt á 10.grein, samþykkt samhljóða. 12.grein fellur út útaf samþykkt á þingskjali 4. Þingskjalið samþykkt samhljóða með breytingum.

Þingskjal 4. Samþykkt með 23 atkvæðum, enginn á móti.

Þingskjal 5. Samþykkt með breytingartillögu frá alpagreinanevnd.

Þingskjal 6. 3.grein felld með 18 atkvæðum gegn engu. 6.grein felld með 17 atkvæðum gegn 6. 5.grein samþykkt með breytingum frá alpagreinanevnd, með 18 atkvæðum gegn engu. Þingskjalið samþykkt samhljóða með breytingum.

Þingskjal 7. Fellt.

Þingskjal 8. Breyting á 1.grein felld. Breytingartillaga á breytingartillögu á 4.grein samþykkt. 4.grein samþykkt eftir breytingu. 7.grein fellur um sjálft sig eftir að 1.greind var felld. 5.grein felld. Þingskjalið borið upp í heild sinni og samþykkt með breytingum.

Þingskjal 9. Fellt.

Þingskjal 10. Samþykkt með breytingartillögu frá skíðagöngunefnd.

Þingskjal 11. Samþykkt.

Þingskjal 12. Einungis til umræðu, ekki til samþykktar. Engin kosning.

Þingskjal 13. Fellur um sjálft sig eftir samþykktir á þingskjali 6.

Þingskjal 14. Breytingartillaga frá alpagreinanevnd samþykkt samhljóða.

Þingskjal 15. Samþykkt með 19 atkvæðum á móti 3.

Þingskjal 16. Breytingartillaga frá alpagreinanevnd samþykkt samhljóða.

Þingskjal 17. Samþykkt með 22 atkvæðum á móti 2.

Þingskjal 18. Einungis til umræðu, ekki til samþykktar. Engin kosning.

### 13. Úthlutun móta og annarra verkefna.

Samkvæmt lögum Skíðasambandsins á að úthluta Skíðamóti Íslands, Unglingameistaramóti Íslands og Snjóþremmamáti Íslands til tveggja ára. Ákveðið hefur verið eftirfarandi:

- UMÍ 2020 – Dalvík/Ólafsfjörður
- SMÍ 2020 – Skíðafélag Akureyrar
- SBÍ 2020 – Brettafélag Hafnarfjarðar
- UMÍ 2021 – Skíðafélag Fjarðarbyggðar
- SMÍ 2021 – Dalvík/Ólafsfjörður
- SBÍ 2020 – Skíðafélag Akureyrar

### 14. Kosningar

Skíðaping 2019 samþykkir að kosningar fari samkvæmt ný samþykktum lögum SKÍ, sem ÍSÍ á eftir að staðfesta.

Formaður kosinn til tveggja ára, *Einar Þór Bjarnason* gefur ekki kost á sér til áframhaldandi starfa sem formaður sambandsins. Einn er í kjöri til formanns, Bjarni Th. Bjarnason. Sjálfkjörinn þar sem Bjarni er einungis einn í framboði. Lófaklapp frá þingfulltrúum.

Einar Þór Bjarnason, formaður SKÍ, les stutt bréf frá Bjarna Th. Bjarnason þar sem hann þakkar traustið.

Formaður alpagreinaneftndar. Tveir í framboði, Snorri Páll Guðbjörnsson, núverandi formaður alpagreinaneftndar og Egill Ingi Jónsson.

Egill Ingi Jónsson hlaut 9 atkvæði og Snorri Páll Guðbjörnsson hlaut 18 atkvæði. Snorri Páll Guðbjörnsson því kosinn formaður alpagreinaneftndar.

Formaður skíðagöngunefndar. Einungis er einn í framboði, Einar Ólafsson, núverandi formaður skíðagöngunefndar. Sjálfkjörinn.

Formaður snjóþremmanefndar. Einungis er einn í framboði, Friðbjörn Benediktsson, núverandi formaður snjóþremmanefndar. Sjálfkjörinn.

Kosið um þrjá meðstjórnendur í stjórn til tveggja ára. Einungis þrír í framboði. Dagbjartur Halldórsson, Dagmar ýr Sigurjónsdóttir og Kristinn Magnússon. Sjálfkjörin.

Kosið um þrjá í varastjórn til tveggja ára. Í framboði eru: *Guðmundur Guðjónsson, Gísli Reynisson og Fjalar Úlfarsson.*

Frambjóðendur kynna sig og kosning fer fram. Niðurstaða kosninga: Fjalar Úlfarsson fyrsti varamaður, Gísli Reynisson annar varamaður og Guðmundur Guðjónsson þriðji varamaður.

Kosið um tvo í laga- og reglugerðarnefnd. Í framboði eru: *Smári Þorvaldsson og Stefán Árni Eðvaldsson.*

Kosið um tvo í aganefnd. Í framboði eru: *Brynhildur Georgsdóttir og Jón Egill Sveinsson.* Samþykkt með lófaklappi.

Skoðunarmenn reikninga tilnefndir, sem aðalmenn: *Smári Þorvaldsson og Þórunn Sif Harðardóttir*. Til vara: *Hrefna Magnúsdóttir og Sigrún Inga Kristinsdóttir*. Samþykkt með lófaklappi.

## 15. Önnur mál

- *Eðvald Garðarsson, Skíðafélagi Fjarðarbyggðar*. Ræðir mót í flokki 16 ára og eldri í alpagreinum sem átti að vera í Oddsskarði. Fór yfir aðdragandann að mótinu var frestað og síðar aflýst. Ósáttur með lítið samtala við mótshaldara og ákvörðun um aflýstingu tekin seint. Bendir á að félög/foreldrar hafi frekar viljað senda börnin sín erlendis á mót heldur en að koma austur.  
Jón Viðar Þorvaldsson, framkvæmdastjóri SKÍ svarar fyrirspurn. SKRR gerði athugasemd við mótatöflu strax á haustfundi þar sem kom í ljós að þeir voru búnir að skrá sína keppendur á mót erlendis á þessari helgi. Erfitt reyndist að færa mótið til þar sem önnur félög höfðu skrá sína keppendur á mót erlendis með tilliti til mótatöflu SKÍ. Samtal átti sér stað milli SKÍ og mótshaldara varðandi þetta tiltekna mót. Varðandi endanlega niðurstöðu var ákvörðun tekin sem passaði best fyrir restina af vetrinum þar sem það þurfti að fresta miklu.
- *Óskar Óskarsson, Skíðafélagi Dalvíkur*. Þakkar Einari fráfarandi formanni fyrir samstarfið. Óskar sáttur með veturinn, héldu unglingamót og SMÍ. Skíðafélag Dalvíkur á fulltrúa í samtökum skíðasvæðana og telur að SKÍ þurfi að koma á samtali við samtökin. Óskar gerir það að tillögu sinni að stjórn SKÍ stefji sig í sambandi við samtök skíðasvæðana.
- *Sigrún Inga Kristinsdóttir, Skíðaráð Reykjavíkur*. Athugasemd tengt málin hans Eðvalds. Þegar mótatafla SKÍ kemur út þá er mótatafla FIS ekki klár. SKRR gerði athugasemd um að flytja mótið þegar í ljós kom að þessi mót stönguðust á. Ítrekar að það var alls ekki ætlun þeirra að sniðganga Oddsskarð, heldur spilaðist þetta svona.
- *Dagbjartur Halldórsson, gjaldkeri SKÍ*. Þakka Einari fráfarandi formanni fyrir gott samstarf.
- *Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar SKÍ*. Þakka Einari fráfarandi formanni fyrir gott samstarf.
- *Jón Viðar Þorvaldsson, framkvæmdastjóri SKÍ*. Svarar Óskari frá Skíðafélagi Dalvíkur. Játar að SKÍ hefur verið í litlum samskiptum við samtök skíðasvæðana. Áður voru ársfundir sóttir hjá samtökunum en hefur ekki verið þannig undanfarið. Fullur hugur á að koma samskiptum aftur á og vinna saman.
- *Björgvin Hjörleifsson, Skíðafélag Fjarðarbyggðar*. Kemur inná mótavesenið í vetur, leggur til að skoða að gera mótahlé, ein helgi á ári sem væri þá gert ráð fyrir mótum erlendis. Þjálfaramál eru erfið, vill að SKÍ ræði við skólana.
- *Einar Þór Bjarnason, fráfarandi formaður SKÍ*. Kemur inná samskiptin við samtök skíðasvæðana. Þakkar fyrir sig og óskar nýkjörnum fulltrúum og stjórn alls hins besta, Fagnar því að að það eru fleiri konur sem taka þátt. Ber kveðju frá Ögmundi Knútssyni, en hann komst ekki á þingið og er að hætta í stjórn.

## 16. Þingslit

*Einar Þór Bjarnason*: þakkaði fyrir gott þing og sagðist hlakka til að vinna með skíðahreyfingunni á næstu misserum.

Skíðaðingi 2019 er slitið.



**ÞINGSKJAL nr. 1****Tillaga að fjárhagsáætlun 2019 og 2020**

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

<b>Tekjur</b>	Áætlun 2019	Áætlun 2020
Lottó	10.000.000 kr.	10.500.000 kr.
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	2.200.000 kr.	2.500.000 kr.
Afeks sjóður ÍSÍ	19.500.000 kr.	25.000.000 kr.
Aðrir styrkir frá ÍSÍ	2.000.000 kr.	2.000.000 kr.
Ríkisstyrkur	3.000.000 kr.	3.000.000 kr.
FIS styrkur	18.000.000 kr.	20.000.000 kr.
Ólympíusamhjálpin	0 kr.	4.000.000 kr.
Aðrir styrkir og framlög	5.000.000 kr.	6.000.000 kr.
Keppnisleyfi FIS	1.500.000 kr.	1.500.000 kr.
Mótsgjöld	5.500.000 kr.	6.000.000 kr.
Eftirlitsmannagjöld	1.000.000 kr.	1.000.000 kr.
Félagsgjöld	4.500.000 kr.	5.000.000 kr.
Námskeiðsgjöld	1.000.000 kr.	1.000.000 kr.
Framlög keppnisfólks	14.000.000 kr.	13.000.000 kr.
<b>Samtals</b>	<b>87.200.000 kr.</b>	<b>101.500.000 kr.</b>
	Áætlun 2019	Áætlun 2020
<b>Gjöld</b>		
<u>Rekstur skrifstofu og yfirstjórnar</u>		
Laun og launtengd gjöld	17.500.000 kr.	18.500.000 kr.
Ferða- og fundakostnaður	3.000.000 kr.	4.000.000 kr.
Gjaldfærð áhöld	200.000 kr.	200.000 kr.
Símakostnaður	400.000 kr.	300.000 kr.
Tölvu og heimasíðukostnaður	550.000 kr.	550.000 kr.
Ritföng, prentun og burðargjöld	120.000 kr.	120.000 kr.
Aðkeypt þjónusta	850.000 kr.	850.000 kr.
Annar rekstur skrifstofu	600.000 kr.	600.000 kr.
Afskrifaðar kröfur	200.000 kr.	200.000 kr.
	<b>23.420.000 kr.</b>	<b>25.320.000 kr.</b>

	2019	2020
Íþróttastarf		
Alpagreinanevnd	22.000.000 kr.	? kr.
Skíðagöngunefnd	16.500.000 kr.	? kr.
Snjóbrettanefnd	12.000.000 kr.	? kr.
	<b>50.500.000 kr.</b>	<b>60.000.000 kr.</b>
Mótakostnaður	<b>9.000.000 kr.</b>	<b>9.900.000 kr.</b>
<u>Kynning, fræðsla og útbreiðsla</u>		
Fræðslumál	3.000.000 kr.	3.000.000 kr.
Útbreiðslumál	1.000.000 kr.	1.000.000 kr.
	<b>4.000.000 kr.</b>	<b>4.000.000 kr.</b>
<b>Samtals</b>	<b>86.920.000 kr.</b>	<b>99.220.000 kr.</b>
Hagnaður (tap) ársins án fjármagnsliða	<b>280.000 kr.</b>	<b>2.280.000 kr.</b>
Vaxtatekjur	0 kr.	0 kr.
Vaxtagjöld	0 kr.	0 kr.
Samtals	0 kr.	0 kr.
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>280.000 kr.</b>	<b>2.280.000 kr.</b>

# ÞINGSKJAL nr. 2

## Tillaga að breytingu á reglugerð um gjaldskrá SKÍ

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

- ~~• Gjald fyrir eftirlitsmannanámskeið~~ ~~kr. 12.500~~ pr. félag
  - Gjald fyrir keppnisleyfi FIS **kr. 5.000 6.500** skv. ákvörðun FIS
    - ~~• Prefalt gjald eftir 1.september~~
  - Mótsgjöld renna óskipt til mótshaldara:
    - Bikarmót SKÍ, ENL mót **kr. 2.500 3.000** pr. grein
    - Unglingameistaramót **kr. 3.000 3.500** pr. grein
    - FIS mót, SMÍ, SBÍ og SB mót\* **kr. 5.000** pr. grein
- \*SB mót = bikar- og alþjóðleg á snjóbrettum

### Félagsgjald SKÍ

**3.600 4.000** kr. pr. iðkenda pr. félag

Rukkað í tveimur greiðslum: **15.október og 15.desember**

Farið er eftir starfsskýrslum úr Felix. Starfsskýrslum er skilað inn á vorin fyrir almanaksárið á undan.

*Dæmi: Starfsskýrslu vorið 2019 er skilað inn. Iðkendatalan er því almanaksárið 2018. Rukkun í lok árs 2019 er því fyrir iðkendur 2018.*

**Það er á ábyrgð aðildarfélaga að tryggja að réttar iðkenda upplýsingar séu skráðar í Felix.**

### Gjöld vegna eftirlitsmanna og dómara:

Dagpeningar eftirlitsmanna og dómara SKÍ	10.000 kr. per dag	Greiðist af mótshaldara
Dagpeningar eftirlitsmanna FIS	Skv. gjaldskrá FIS	Greiðist af mótshaldara
Gisting og fæði eftirlitsmanna og dómara	Bókast af mótshaldara	Greiðist af mótshaldara
Ferðalag eftirlitsmanna og dómara	Bókast af SKÍ	Greiðist af SKÍ

\*: SKÍ greiðir kostnað vegna dómara á snjóbrettamótum ef mót lítur út fyrir að enda í tapi.

# ÞINGSKJAL nr. 3

## Tillaga að breytingu á lögum SKÍ

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

### Lagabreytingar sem kynntar voru á haustfundi 5.október 2018.

**Var:**

6. grein

Skíðaping hefur æðsta vald um málefni SKÍ. ÍSÍ skal staðfesta samþykktir þess um sérgreinamálefni, enda brjóti þær ekki í bága við lög ÍSÍ og FIS. Hvert aðildarfélag getur sent fjóra fulltrúa á skíðaping en fær úthlutað atkvæðum á skíðaping eftir iðkendafjölda sínum, þannig að fyrir: (tafla óbreytt).

**Verður:**

6. grein

Skíðaping hefur æðsta vald um málefni SKÍ. ÍSÍ skal staðfesta samþykktir þess um sérgreinamálefni, enda brjóti þær ekki í bága við lög ÍSÍ og FIS. Hvert aðildarfélag getur sent fjóra fulltrúa á skíðaping en fær úthlutað atkvæðum á skíðaping eftir **skráðum** iðkendafjölda sínum, þannig að fyrir: (tafla óbreytt).

**Var:**

8. grein – Störf skíðapings eru:

17. Skíðamóti Íslands og Unglingameistaramóti Íslands ráðstafað til næstu tveggja ára.

**Verður:**

8. grein – Störf skíðapings eru:

17. Skíðamóti Íslands, Unglingameistaramóti Íslands **og Snjóbrettamóti Íslands** ráðstafað til næstu tveggja ára.

**Var:**

10.grein – Stjórn SKÍ

Stjórn SKÍ skipa sjö manns sem kosnir eru á Skíðapingi til tveggja ára.

Skipan og hlutverk stjórnar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður sem kosinn er sérstaklega  
Aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum sem hér segir:
2. Varaformaður
3. Ritari
4. Gjaldkeri
5. Meðstjórnandi

Kjósa skal fyrsta, annan og þriðja varamann til tveggja ára og skulu þeir taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir eru kosnir. Taki varamaður sæti í stjórn í stað aðalmanns skal hann sitja út kjörtímabilið.

**Verður:**

10. grein – Stjórn SKÍ

Stjórn SKÍ skipa sjö manns sem kosnir eru á Skíðapingi til tveggja ára.

Skipan og hlutverk stjórnar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður sem kosinn er sérstaklega
- 2. Formaður alpagreinanevndar sem kosinn er sérstaklega**
- 3. Formaður skíðagöngunevndar sem kosinn er sérstaklega**
- 4. Formaður snjóbrettanevndar sem kosinn er sérstaklega**
- 5. Þrjú meðstjórnendur kosnir sem skipta með sér verkum sem hér segir:**

**Varaformaður, ritari og gjaldkeri.**

6. Kjósa skal fyrsta, annan og þriðja varamann til tveggja ára og skulu þeir taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir eru kosnir. Taki varamaður sæti í stjórn í stað aðalmanns skal hann sitja út kjörtímabilið.

**Stjórn SKÍ skal skipa þrjár þriggja manna fastanevndir þar sem formaður hvernar nevndar er kosinn sérstaklega og situr í stjórn. Tveir nefndarmenn eru því tilnefndir af stjórn. Þessar nevndir eru:**

- 1. Alpagreinanevnd**
- 2. Skíðagöngunevnd**
- 3. Snjóbrettanevnd**

**Þessar nevndir skipta með sér verkum og starfa eftir fjárhagsáætlun og erindisbréfi frá stjórn SKÍ.**

**Var:**

8. grein – Störf skíðabings eru:

16. Kosningar samkvæmt tillögu kjörnevndar:

c. Kosning fjögurra manna í fastanevndir til tveggja ára og einn tilnefndur af stjórn sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

1. Alpagreinanevnd
2. Skíðagöngunevnd
3. Snjóbrettanevnd

d. Kosning tveggja manna í fastanevndir til tveggja ára og einn tilnefndur af stjórn sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

4. Aganevnd
5. Laga- og reglugerðarnevnd

**Verður:**

8. grein – Störf skíðabings eru:

16. Kosningar samkvæmt tillögu kjörnevndar:

**~~c. Kosning fjögurra manna í fastanevndir til tveggja ára og einn tilnefndur af stjórn sem jafnframt er formaður nefndarinnar.~~**

- ~~1. Alpagreinanevnd~~
- ~~2. Skíðagöngunevnd~~
- ~~3. Snjóbrettanevnd~~

c. Kosning tveggja manna í fastanevndir til tveggja ára og einn tilnefndur af stjórn sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

1. Aganevnd
2. Laga- og reglugerðarnevnd

**Var:**

12. grein

Stjórn SKÍ skal á hverju hausti boða formenn aðildarfélaganna ásamt öðrum fulltrúum til formannafundar. Verkefni fundarinnar er að kynna mótaskrá, fara yfir samþykktir síðasta skíðaðings og undirbúa starf komandi vetrar. Ennfremur skal formannafundur taka til umfjöllunar tillögur um breytingar á lögum sem leggja á fyrir næsta skíðaðing. Á því ári sem ekki er skíðaðing skal stjórn SKÍ boða til málþings um stöðu og málefni skíða- og snjóbreittaíþróttarinnar. Á formannafundi og ársfundi má gera reglugerðabreytingar, með samþykki nýrra reglugerða eða með breytingum á eldri reglugerðum, en breytingartillögur skulu berast stjórn SKÍ að lágmarki tveim vikum fyrir fund. Við kosningu um reglugerðabreytingar skal atkvæðafjöldi vera sá sami og á skíðaðingi skv. 6.grein.

**Verður:**

12. grein

Stjórn SKÍ skal á hverju hausti boða formenn aðildarfélaganna ásamt öðrum fulltrúum til **haustfundar. Tilgangur fundarinnar og verkefni** er að kynna mótaskrá, fara yfir samþykktir síðasta skíðaðings, **kynna og ræða** undirbúning starf komandi vetrar. **Ennfremur skal stillt upp málstofum til að ræða áhugaverð málefni einstakra greina og eða skíða- og snjóbreittaíþróttarinnar.** Ennfremur skal **haustfundur** taka til umfjöllunar tillögur um breytingar á lögum sem leggja á fyrir næsta skíðaðing. Á haustfundi má gera reglugerðabreytingar, með samþykki nýrra reglugerða eða með breytingum á eldri reglugerðum, en breytingartillögur skulu berast stjórn SKÍ að lágmarki tveim vikum fyrir fund. Við kosningu um reglugerðabreytingar skal atkvæðafjöldi vera sá sami og á skíðaðingi skv. 6.grein.

**Rökstuðningur:**

1. Viðbót á orðinu „skráðum“ til að tilgreina betur hvaða iðkendur þetta eru.
2. Bæta við að Snjóbreittamóti Íslands sé úthlutað á Skíðaðingi til tveggja ára eins og annarra stærri mót.
3. Breyting á kosningu í stjórn og fagnefndir sem kynnt var á haustfundi SKÍ í október 2018. Fagnefndirnar þrjár verða þriggja manna í stað fimm manna ásamt því að nefndin sé skipuð en ekki kosin. Að sama skapi verður sú breyting að kosið er sérstaklega um formenn allra þriggja fagnefnda. Áfram er kosið um formann stjórnar sér en einungis kosið um þrjá meðstjórnendur í stað sex eins og er í dag. Stjórn SKÍ telur betri lausn að gera þessar breytingar í ljósi þess að erfitt hefur reynst að manna fagnefndir ásamt því að undanfarin fjögur ár hafa nokkrir aðilar hætt í fagnefndunum.
4. Breyting á störfum Skíðaðings í takt við breytingu á stjórn og fagnefndum.
5. Uppfærsla á texta um haustfund til að skerpa á tilgangi hans.

# ÞINGSKJAL nr. 4

## Tillaga að breytingu á lögum SKÍ

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

### Ný lagabreyting – Skv. lögum SKÍ þarf samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa til þess að þingið getið tekið breytinguna fyrir.

#### Var:

##### 5. grein

Skíðaping skal halda í maí annað hvert ár. Boða skal til þess með auglýsingu og/eða tilkynningu með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda aðildarfélögum SKÍ. Málefni sem taka á fyrir á þinginu skulu berast stjórn SKÍ í síðasta lagi þremur vikum fyrir þingið. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda aðildarfélögum skriflegt fundarboð; síðara fundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Tillögur um breytingar á lögum skulu berast stjórn SKÍ fyrir 1. október fyrir næsta þing til að geta hlotið umfjöllun á Skíðapingi. Tillögur skulu kynntar aðildarfélögum fyrir 1. nóvember. Þingið getur þó tekið fyrir mál borin upp með skemmri fyrirvara að fengnu samþykki  $\frac{2}{3}$  hluta þingfulltrúa.

#### Verður:

##### 5. grein

Skíðaping skal halda í **október á hverju ári**. Boða skal til þess með auglýsingu og/eða tilkynningu með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda aðildarfélögum SKÍ. **Laga- og reglugerðarbreytingar ásamt öðrum málefnum** sem taka á fyrir á þinginu skulu berast stjórn SKÍ í síðasta lagi þremur vikum fyrir þingið. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda aðildarfélögum skriflegt fundarboð; síðara fundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Þingið getur þó tekið fyrir mál borin upp með skemmri fyrirvara að fengnu samþykki  $\frac{2}{3}$  hluta þingfulltrúa.

\*Ef lagabreyting er samþykkt:

- Hefðbundinn haustfundur 2019, skíðaping haustið 2020, skíðaping með næstu kosningu haustið 2021.
- 17. liður í 8. grein fellur út. Það er of seint að gefa út í október hverjir fá stóru mótin. Yrði að gefa út í maí/júní eftir stjórnarfund.
- 12. grein fellur út í heild sinni og aðrar greinar eftir hana taka þá upp nýtt númer (13. grein verður 12. grein o.s.frv.).

#### Rökstuðningur:

- *Vorin eru oft þétt setin af viðburðum og reynslan hefur sýnt okkur að forystufólk aðildarfélaga SKÍ hefur mætt verr á vörfundum SKÍ heldur en haustfundum undanfarin ár. Því leggur stjórn til að skíðaping verði árlegt á haustin og myndi þá sameinast haustfundum. Í framtíðinni yrði þá einungis einn formlegur fundur á ári hjá SKÍ á haustin. Þó yrði áfram tveggja ára seta stjórnar- og nefndarmanna þrátt fyrir að þingið væri á hverju ári.*

# ÞINGSKJAL nr. 5

## Tillaga að breytingu á afreksstefnu SKÍ

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Stjórn SKÍ leggur fyrir skíðaðing uppfærða afreksstefnu SKÍ til næstu tíu ára. Afreksstefnuna má sjá í meðfylgjandi skjali.

### Rökstuðningur:

- *Núverandi afreksstefna er í gildi til 2022 og því kominn tími til að hugsa lengra og uppfæra stefnuna. Ný stefna tekur mið af breytingum afrekssjóðs ÍSÍ og þeim kröfum sem þar eru gerðar. Í afreksstefnunni eru sett fram markmið og því hefur verið gerð aðgerðaráætlun til þess ná þeim markmiðum.*



# ÞINGSKJAL nr. 6

## Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum

Flutningsaðili: Alpagreinanevnd SKÍ

### Var:

#### 3. grein

Sé ekki hægt að halda mótið á fyrirhuguðum stað má mótshaldari færa mótið í samráði við alpagreinanevnd SKÍ á stað sem uppfyllir kröfur FIS um aðbúnað keppenda, gistingu og keppnisbrekkur. Ef mótshaldari sér sér ekki fært að halda mótið skal hann vísa því til alpagreinanevndar SKÍ með viku fyrirvara og skal nefndin þá setja mótið á varastað eða á annan þann stað sem fært er. Takist ekki að halda mótið á úthlutaðri helgi skal alpagreinanevnd SKÍ úthluta því á ný og halda það á fyrstu lausu helginni óháð verkefnum erlendis. Ef þær aðstæður skapast að ekki er hægt að halda öll bikarmótin, getur alpagreinanevnd SKÍ í samráði við stjórn SKÍ aflýst móti.

### Verður:

#### 3. grein

